

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, Selás, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 20 ha landbúnaðarsvæði í landi Seláss (fyrrum landi Pulu í Holtum) verður svæði fyrir íbúðarbyggð með hesthúsum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. mars 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*